

Þórhildur Katrín Stefánsdóttir – framboð til stjórnar



Ég heiti Þórhildur Katrín og er formaður Glampa nýstofnaðs hestamannafélags á Djúpavogi. Hestamannafélagið Glampi stendur nú í viðræðum við sveitarfélagið Múlaþing og heimastjórn gamla Djúpavogshrepps um úthlutun á lóð undir félagshúss og félagssvæði.

Ég hef stundað hestamennsku í hestamannafélaginu Herði frá unga aldri og þangað til að við fjölskyldan ákváðum fyrir rúmum tveimur árum að flytja á sveitabæ við Djúpavog með það í huga að búa í sveit og rækta hross. Við erum meðlimir í hestamannafélaginu Hornfirðing sem er frábært hestamannafélag með gríðalega sterkt æskulýðsstarf en í ljósi fjarlægða og mikils áhuga Djúpavogsbúa á hestamenskunni var tímabært að byggja upp hestamannafélag á Djúpavogi. Þá hefur hestaeigendum á Djúpavogi fjölgað síðustu tvö ár enda hestamennska bráðsmitandi íþrótt.

Ég er lögmaður að mennt og starfa sem verkefnastjóri hjá Múlaþingi. Ég hef mikinn áhuga á nýliðun og æskulýðsstarfi í hestamennsku. Ég hef áhuga á uppbyggingu félagshúsa hjá hestamannafélögum og í raun öllu því sem tengist því að auka og auðvelda aðgengi almennings að hestamennsku. Þá hef ég einnig mikinn áhuga á öryggismálum og tryggingamálum í tengslum við hestamennsku og í raun flestu því sem tengist íslenska hestinum.